

FUNDARGERÐ

329. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs var haldinn 16. júní 2022 í fundarsal skrifstofu Úrvinnslusjóðs að Suðurlandsbraut 24, Reykjavík

Boðuð dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
2. Verkefni framundan
3. Flutningsjöfnun
4. Sérstök söfnun
5. Önnur mál

Fundinn sátu:

Magnús Jóhannsson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),
Áslaug Hulda Jónsdóttir (ÁJ)
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri (ÓK).

BSB ritaði fundargerð.

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Gerð var breyting á fundargerð 325. fundar.
2. Fundargerð 328. fundar var samþykkt með breytingum sem voru gerðar á fundinum.
3. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að vinna minnisblað um forsendur endurgjalds eftir fyrirkomulagi ráðstöfunaraðila.

Dagskrárliðir og umræður:

Fundur var settur kl. 08:40

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Gerð var breyting á fundargerð 325. stjórnarfundar.

Drög að fundargerð 328. stjórnarfundar lágu fyrir á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs. Gerðardrögin voru SAMÞYKKT með breytingum sem var ráðist í á staðnum og verður fundargerðin send stjórnarmönnum til rafrænnar undirritunar.

2. Verkefnin framundan

ÓK kynnti nefndarmönnum stöðu verkefna á verkefnaáætlun á PP-formi ásamt minnisblaði með skráarheitið *F325 D02 Verkefnaáætlun staða mála 2.3.22* sem lögð voru fyrir stjórn á fyrri stjórnarfundum.

ÓK fór yfir stöðu verkefna á áætluninni og gerði grein fyrir uppfærslum tímasetninga í ljósi þróunar verkefna. Kom m.a. fram að vinna Skattsins væri komin á skrið og enn væri von væri á tillögum frá stofnuninni. Þá kom fram að skrifstofa sjóðsins hefði ásamt Gunnari Bragasyni, ráðgjafa, safnað upplýsingum um kostnað við ílát og tæmingu. Benti hann á að vinna vegna undirbúnings breytinga á flutningsjöfnun félli vel að þessari vinnu. Upplýsti ÓK að í næstu viku væri von á minnisblaði frá Skattinum vegna ökutækja auk þess sem stofnunin hefði tillögur skrifstofu Úrvinnslusjóðs um tollskrárnúmer vegna álagningar úrvinnslugjalds á drifrafhlöður og tiltekna einnota plastvörur. Fram kom að endanlegar tillögur yrðu sendar UOL-ráðuneyti fyrir næstu mánaðarmót. Þá sagði ÓK frá fundi skrifstofu Úrvinnslusjóðs með UOL-ráðuneyti vegna þrepaskiptra gjalda og upplýsti um stöðu svokallaðs veiðarfærasamnings.

Stjórn ræddi málin, m.a. hvað varðar staðfestingu sem gefur til kynna rétt þrep vöru. ÓK lagði til að leitað yrði samstarfs við Umhverfisstofnun vegna undirbúnings álagningar þrepaskiptra gjalda. EM lagði til að tekið yrði til skoðunar að unnt yrði að sækja um viðurkenningu Umhverfisstofnunar æski innflytjendur færslu vöru í lægri þrep en almennt gerist.

3. Flutningsjöfnun

Á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs lá fyrir töflureikniskjal með heitið *D03 Drög að minnisglaði um endurskoðun á flutningsjöfnun 13.6.22*.

MJ hvatti stjórn til að yfirfara fyrirbyggjandi minnisblað og bæta við það athugasemdum um það sem betur mætti fara. EM og ÁHJ gerðu athugasemdir við að fyrirhugaðar breytingar væru óljósar. ÓK gerði stjórn grein fyrir efni minnisblaðsins og útskýrði forsendur flutningsjöfnunar.

ÁHJ og EM lögðu fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar sveitarfélaga í stjórn Úrvinnslusjóðs ítreka mikilvægi þess að gögn og upplýsingar séu sem áreiðanlegust og gagnsæi ríki um kostnað og greiðslur er viðkemur framleiðendakerfinu. Miklar breytingar eru í farvatninu vegna nýrra laga og mikilvægt að vanda til verka. Núverandi kerfi er flókið og tækifæri er nú til að einfalda og auka gagnsæi.

Við leggjum til að við útfærslu á fyrirhuguðum breytingum verði endurgjaldi fyrir flutningsjöfnun annars vegar og sérstaka söfnun hins vegar sé haldið aðskildu. Þetta er einnig lagt til ljósi þess að endurskoðun á sérsöfnun er í sérstakri skoðun

hjá ráðuneytinu og liggja fyrir minnisblöð frá fulltrúum sveitarfélagana og fulltrúum atvinnulífsins.

4. Sérstök söfnun

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri SORPU, var gestur á fundi stjórnar undir umfjöllun um dagskrárliðinn.

Jón Viggó gerði stjórn grein fyrir þeim breytingum sem væru framundan hjá SORPU vegna sérstakrar söfnunar heimilisúrgangs.

Stjórn og Jón Viggó ræddu málið, m.a. hvað varðar fjármögnun kostnaðar, fyrirkomulag söfnunar á grenndarstöðvum og stöðu söfnunar í ýmsum sveitarfélögum. Þá var rætt um möguleika á að bæta tækjabúnað vegna flokkunar plastúrgangs.

5. Önnur mál

EM upplýsti að rætt hefði verið um að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að vinna minnisblað um forsendur endurgjalds eftir fyrirkomulagi ráðstöfunaraðila. ÁKVEÐIÐ var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að vinna minnisblaðið og leggja það fyrir stjórn.

Fleira var ekki gert á 329. fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs og fundi slitið kl. 10:08.